

Mál nr. 315/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 7. september 2021 orðið fyrir slysi þegar bifreiðinni A var ekið aftan á bifreið hennar við Njarðargötu/Hringbraut í Reykjavík. Fram kemur að M hafi orðið fyrir meiðslum og leitað á slysadeild LSH daginn eftir slysið. Hún hafi verið greind með tognun og ofreynslu á háls hrygg. Vegna áframhaldandi einkenna hafi M leitað til heimilislæknis nokkrum dögum síðar og þar verið greind með Whiplash áverka. Fram kemur að M hafi reglulega leitað til heimilislæknis í kjölfar slyssins og sé enn í sjúkraþjálfun vegna þess. M var send í segulómum af háls hrygg 1. febrúar 2022 og var meðal annars greind með brjós klos á liðbili Th5-6.

M telur ljóst með vísan til fyrirbyggjandi gagna að orsakatengsl sé á milli og árekstursins þeirra einkenna sem hún býr við eftir slysið. Samfella sé milli gagna málsins og frásagnar M og M hafi ekki sögu um einkenni frá stoðkerfi, hvorki hálsi né baki. M mótmælir sönnunargildi PC-Crash skýrslu sem V lagði fram og tekur fram að það sé ekki á færi reikniforrits að skera úr um það hversu umfangsmiklar afleiðingar slyss eru fyrir einstaklinga.

Í bréfi V kemur fram félagið telji ekki vera orsakatengsl milli einkenna M og umferðaróhappsins. V vísar til lýsingar á atvikinu þar sem fram komi að ökumaður A hafi óvart sleppt bremsunni þegar hann leit eftir umferð til vinstri og bifreiðin hafi runnið af stað og rétt snert bifreið M. Myndir sýni hversu lítið höggið hafi veið og einungis rispur að sjá. Af framburði ökumanns A hafi aðilar ekki verið vissir um hvort bifreiðarnar hafi snerts. Þá hafi A ekki verið nema á tæplega 6 km hraða þegar hún lenti á bifreið M. V mótmælir því að atvikið hafi getað valdið hálstögnun og brjós klosi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins 7. september 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið fram hjá því að hennar er einhliða aflað af V. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Í málinu liggur fyrir að M leitaði á slysadeild daginn eftir slysið og síðan til heimilislæknis og liggur fyrir samskiptaseðill þar um. Í málinu kemur fram að M hafi verið greind með brjós klos í segulómum. Þá kemur fram að hún hafi verið hjá sjúkraþjálfara. Hins vegar liggur ekki fyrir heildstætt mat á áhrifum árekstursins á M, hvorki frá sjúkraþjálfaranum, heimilislækni, bæklunarlækni eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila. Þá liggur fyrir að áreksturinn var mjög vægur og bifreiðarnar með smávægilegar rispur eftir hann. Eins og þetta mál liggur telst ekki sannað að orsakatengsl séu á milli árekstursins og einkenna M. Með vísan til þess er V ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 6. desember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir